

BOTNSVIRKJUN Í DÝRAFIRÐI

DEILISKIPULAG

Skipulags- og matslýsing

Til kynningar í febrúar 2021



BOTNSVIRKJUN Í DÝRAFIRÐI

DEILISKIPULAG

Skipulags- og matslýsing

Skipulagslýsing

Skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006





Efnisyfirlit

| | | |
|----------|--|-----------|
| 1 | Inngangur | 1 |
| 1.1 | Tildrög | 1 |
| 1.2 | Tilgangur og markmið verkefnisins..... | 1 |
| 1.3 | Matskylda..... | 1 |
| 2 | Forsendur og samhengi skipulagsgerðar | 2 |
| 2.1 | Skipulagssvæðið | 2 |
| 2.2 | Staðhættir og umhverfisaðstæður | 2 |
| 2.3 | Fornleifar..... | 2 |
| 2.4 | Náttúruvá | 3 |
| 2.5 | Náttúrufar og náttúruminjar | 3 |
| 2.6 | Staða skipulags..... | 4 |
| 3 | Skipulag | 7 |
| 3.1 | Deiliskipulag | 7 |
| 4 | Umhverfismat | 8 |
| 4.1 | Matsskylda áætlunarinnar | 8 |
| 4.2 | Umhverfispættir og áhrifapættir..... | 8 |
| 4.3 | Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati | 9 |
| 4.4 | Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna | 9 |
| 4.5 | Stefnukostir | 10 |
| 5 | Skipulagsferlið | 12 |
| 5.1 | Kynning og samráð | 12 |
| 5.2 | Umsagnaraðilar | 12 |
| 5.3 | Tímaáætlun verkefnis | 12 |
| | Tilvitnanir og heimildir | 14 |



Samþykktir

Skipulags- og matslýsing þessi var samþykkt í sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar
þann _____ 20 ____.



1 Inngangur

1.1 Tildrög

Landeigendur Botns og Dranga áforma byggingu og rekstur allt að 5 MW rennslisvirkjunar með mögulegri dægurmiðlun, sem nýtir hluta rennslis Botnsár og Drangár í landi Botns og Dranga í botni Dýrafjarðar.

Árnar eru dragár sem eiga upptök sín að mestu í vötnum á Glámuhálendinu. Áætlað er að inntaksmannvirki og aðveituskurðir verði staðsett í allt að 450 m h.y.s. Þaðan liggja niðurgrafin þrýstipípa sunnan árinna í landi Dranga um 3,5 km leið að stöðvarhúsi sem staðsett verði í um 20 m h.y.s neðan við núverandi skógræktarsvæði. Stærð stöðvarhúss er áætlað allt að 150 m². Tenging virkjunarinnar yrði með jarðstreng að munna Dýrafjarðarganga.

1.2 Tilgangur og markmið verkefnisins

Gerð deiliskipulags er samkvæmt skipulagslögum. Skipulagsgerðin fellur undir lög um umhverfismat áætlana og verður umhverfismat unnið samhliða deiliskipulagsgerðinni.

Markmiðið með virkjuninni er m.a. að framleiða raforku, sem nýtt verði á Vestfjörðum og stuðla að arðbærri framleiðslu rafmagns sem leitt geti til áframhaldandi vaxtar og uppbyggingar atvinnulífs. Þá er markmiðið einnig að virkjunin, þ.e. framkvæmdirnar og reksturinn, valdi eins líttill röskun á umhverfinu og kostur er, bæði til lengri og skemmri tíma.

1.3 Matskylda

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um það að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Í 1. viðauka laganna eru taldar upp þær framkvæmdir sem kunna að vera eða eru matsskyldar. Framkvæmdirnar eru flokkaðar í A, B og C. Framkvæmdir í A flokki ávallt háðar mati á

Hvað er skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi er tekin saman lýsing fyrir verkefnið þar sem *gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar* og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina.

Lýsingin er kynnt opinberlega og samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að *íbúar og aðrir hagsmunaaðilar*, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, *fái tækifæri til að kynna sér áformin* strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri *athugasemdum* og *ábendingum* um *nálgun* við áætlunargerðina, *viðfangsefni* hennar og *helstu forsendur*.

umhverfisáhrifum en metið er í hverju tilviki hvort framkvæmdir í flokki B og C séu háðar mati á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði allt að 5 MW og fellur framkvæmdin því undir tölulið 3.22. í 1. viðauka ofangreindra laga, þ.e.: Vatnsorkuver með uppsett rafafli frá 0,2 MW til 10 MW.

Töluliður 3.22 er í flokki B og er framkvæmdin því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati.

Skipulagsáætlanir eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar af leiðandi fellur deiliskipulagið undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisskýrsla er því unnin samhliða deiliskipulagsgerðinni og verður hún fléttuð inn í greinargerð skipulagsins.



2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar

2.1 Skipulagssvæðið


Skipulagssvæðið er í Dýrafjarðarbotni í landi jarðanna Botns og Dranga. Það er um 550 ha að stærð og liggur frá um 600 m h.y.s. og um dalbotninn að láglandi í um 15 m h.y.s. Aðkoma inn á skipulagssvæðið af þjóðvegi nr. 60, Vestfjarðarvegi við gangamunna Dýrafjarðarganga.

2.2 Staðhættir og umhverfisaðstæður

Í Dýrafjarðarbotni renna Botnsá og Drangá. Árnar eru dragár sem eiga upptök sín að mestu í vötnum á Glámuhálendinu.

Dýrafjarðarbotn er lítt gróinn fram til fjalla en gróður eykst þegar neðar dregur og þar einkennist svæðið af grösum, lyngi og birkikjarri. Einnig er nokkuð votlendi, mest næst sjónum. Um 10 ha skógræktarsvæði með blönduðum skógi er á láglandi. Það eru m.a. grenitré og birki. Norðan Botnsár í landi Botns er framræst land og tún eru beggja vegna vegarins.¹ Framræsluskurður er einnig við skógræktina í landi Dranga. Þjóðvegurinn um Dýrafjörð lá áður með botni fjarðarins en hann var lagður af með tilkomu Dýrafjarðarbrúar utar í firðinum. Vegurinn í sunnanverðum firðinum hefur verið nýttur sem aðkomuleið að landi Botns en að norðanverðu er hann illfær. Frá gamla þjóðveginum liggur slóði að skógræktarsvæðinu, um 1 km leið. Gamli bærinn í Botni stóð á bæjarhólnum í miðju túninu norð-austanvert við fjarðarhornið. Bærinn fór í eyði árið 1925.

Í rannsókn á fuglum í Dýrafirði sem gerð var sumarið 2003 voru fuglar taldir innan við núverandi brú og inn í botn.² Þar voru taldir 23 tegundir. Æðarfugl var þeirra algengastur. Fleiri algengar tegundir voru hvítmáfur, kría, stekkur, grágæs, stökkönd og tjaldur. Flestar þessar tegundir eru háðar sjó og koma því ekki við á skipulagssvæðinu nema að litlu leyti.³



Mynd 1 Fyrirhugað skipulagssvæði, afmarkað með rauðri brotalínu. Botnsá er við norðurmörkin en Drangá er að sunnanverðu. Skjástot af vefsíðu LMÍ.⁴

2.3 Fornleifar


Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð fyrir svæðið. Skv. minjavefsjá Minjastofnunar Íslands eru engar friðlýstar eða skráðar minjar innan skipulagssvæðisins. Unnið er að fornleifakönnun fyrir skipulagssvæðið en niðurstöður gefa ekki vísbendingar um að fornleifar sé að finna á framkvæmdasvæðinu. Finnist fornminjar sem geti verið í hættu verður tekið mið af þeim við gerð skipulagsins, í samráði við Minjastofnun Íslands.



2.4 Náttúruvá

Hættumat vegna ofanflóða hefur ekki verið unnið fyrir skipulagssvæðið. Snjóflóð eru þekkt í norðurhlíðinni í innanverðum Dýrafirði. Skráð hefur verið snjóflóð sem féll ofan við það svæði sem gert er ráð fyrir að stöðvarhús virkjunarinnar muni standa.

Samráð verður haft við Veðurstofu Íslands mat á ofanflóðahættu og mið tekið af hugsanlegri hættu við gerð skipulagsins.



Mynd 2 Skráð ofanflóð í botni Dýrafjarðar. Skjáskot af Ofanflóðakortasjá VÍ.⁵

2.5 Náttúrufar og náttúruminjar


Skipulagssvæðið er innan svæðis 313 á náttúruminjaskrá:

„Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð: Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.“⁶

Línarfi (Stellaria borealis) er skráður á svæðinu. Hann er friðaður samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda árið 1978. Árið 2015 var leitað að honum á svæðinu m.a. í skógræktinni en hann fannst ekki.⁷

Gulstararfitjavist, Runnamýravist á láglandi og Starungsmýravist finnast innan skipulagssvæðisins en þær hafa mjög hátt verndargildi. Sex vistgerðir með hátt verndargildi finnast á svæðinu og er *birkiskógur* langalgengust af þeim vistgerðum. Vistgerðir með lágt og miðlungs verndargildi eru algengastar einkum á hálandi. Skógrækt er einnig innan skipulagssvæðisins.

Tafla 2.1 sýnir vistgerðir á skipulagssvæðinu skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Mynd 3 Vistgerðir á skipulagssvæðinu. Skjáskot af Vistgerðarkorti NÍ.⁸

Tafla 2.1 Vistgerðir á skipulagssvæði Botnsvirkjunar.

| Lágt verndargildi | Miðlungs verndargildi | Hátt verndargildi | Mjög hátt verndargildi |
|---------------------------|-----------------------|--------------------------------|-------------------------------|
| L1.1 Eyðimelavist | L10.3 Starmóavist | L10.8 Lyngmóavist á láglendi | L7.6 Gulstararfitjavist |
| L1.2 Grasmelavist | L3.1 Urðarskriðuvist | L11 Birkiskógur | L8.6 Runnamýravist á láglendi |
| L1.3 Mosamelavist | L8.1 Dýjavist | L8.5 Runnamýravist á hálendi | L8.9 Starungsmýravist |
| L1.4 Víðimelavist | L9.1 Stinnastaravist | L9.2 Finnungsvist | |
| L1.6 Landmelhólavist | | L9.3 Bugðupuntsvist | |
| L3.2 Grasvíðiskriðuvist | | L9.6 Língresis- og vingulsvist | |
| L3.3 Ljónslappaskriðuvist | | | |
| L5.3 Hraungambravist | | | |

2.6 Staða skipulags


Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Samhliða þessari skipulags- og matslýsingu er kynnt lýsing fyrir Hvallátursvirkjun sem er litlu utar í firðinum.



Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var staðfest 31. mars 2010 og tók gildi 20. apríl sama ár.⁹ Aðalskipulagið var unnið samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum og því hefur verið breytt níu sinnum eftir gildistöku en engin þeirra varðar skipulagssvæðið. Tvær breytingar varða tvær nýjar 600 kW virkjanir í Önundarfirði. Ein breytingin varðar stækkun Mjólkárvirkjunar í 12,05 MW en hún er innan hverfisverndarsvæðis og svæðis á náttúruminjasrá.



Mynd 4 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, hluti sveitarfélagsuppráttar.

Í gildandi aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir virkjun í Dýrafjarðarbotni. Unnið er að endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir virkjun Botnsár og

Drangár verði tekinn inn í endurskoðuðu aðalskipulagi og að deiliskipulagið taki gildi þegar nýtt aðalskipulag hefur öðlast gildi.

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið, sem fyrirhuguð virkjun tekur til, skilgreint sem óbyggt svæði og að hluta sem landbúnaðarsvæði. Svæðið nýtur jafnframt hverfisverndar (H1).

Skv. aðalskipulaginu er hverfisverndinni ætlað að vernda sérkenni svæðanna, þ.e. menningar- og náttúruminjar á afskekktum svæðum og hálandi. Ákvæði hverfisverndarinnar eru:

„Ákvæði hverfisverndar hafa ekki áhrif á hefðbundnar nytjar og landbúnað á landbúnaðarsvæðum.

Ekki verði gert ráð fyrir framræslu lands eða öðru meiri háttar jarðraski utan landbúnaðarsvæða. Þó er gert ráð fyrir því að hægt verði að verja mannvirki í augljósri hættu með viðeigandi leyfum Ísafjarðarbæjar.

Svigrúm er fyrir virkjanaframkvæmdir á Glámuhálendinu og viðhald og uppbyggingu á iðnaðarsvæði Mjólkár í Arnarfirði. Framkvæmdir skulu þó vera í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Öllu raski við hús utan landbúnaðarsvæða verði haldið í lágmarki.

Allar framkvæmdir og öll nýting landeigenda eyðijarða verði í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi.“

Matstöflu fyrir greiningu á áhrifum deiliskipulags er að finna í viðauka aðalskipulagsins.

Í gildandi aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er lélegt. Áhersla er lögð á að þessi svæði verði ekki nýtt á þann hátt að aðrir valmöguleikar, s.s. landbúnaður, verði útilokaðir.



Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að möguleikum til þróunar og nýsköpunar á landbúnaðarsvæðum verði haldið opnum svo nýta megi núverandi aðstöðu til fulls og gera megi ráð fyrir breytingum samfara breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.

Á landbúnaðarsvæðum innan hverfisverndar er heimilt er að virkja bæjarlækinn, með allt að 30 kW virkjun með minniháttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW virkjun án uppistöðulóns, án þess að breyta aðalskipulagi.

Skv. aðalskipulaginu skulu allar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum innan hverfisverndar og öll nýting landeigenda vera í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Einungis er gert ráð fyrir gróðursetningu plantna sem teljast til náttúrulegrar flóru svæðisins.

Ákvæði gildandi aðalskipulags eru til endurskoðunar og er áætlað að nýtt aðalskipulag taki gildi í ársbyrjun 2022.



3 Skipulag

3.1 Deiliskipulag

Í deiliskipulaginu verða teknar ákvarðanir og settir skilmálar um Botnsvirkjun, þ.e. sem tengjast framkvæmdinni til lengri og skemmri tíma og samspili virkjunarinnar við umhverfið. Í meðfylgjandi töflu (Tafla 3.1) eru tilgreindir helstu þættir deiliskipulagsins.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið muni ná yfir öll mannvirki, aðkomuveg og landmótun svæðisins. Áætluð skipulagsmörk má sjá í kafla 2 (Mynd 1). Lóð og byggingarreitur verða skilgreind fyrir stöðvarhús og framkvæmdareitir fyrir veitumannvirki. Settir verða skilmálar um umfang mannvirkja, vegagerð, fyrirkomulag veitna, efnistöku/efnislosun, landmótun og frágang.

Í skipulaginu verða sett ákvæði um að fella mannvirki sem best að landslagi og að röskun verði haldið í algjöru lágmarki í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Einnig að við frágang og uppgræðslu verði tekið mið af flóru svæðisins og að framkvæmdin skerði ekki landbúnaðarland. Sem mótvægisáðgerð er endurheimt votlendis í fjarðarbotninum augljós kostur.

Tafla 3.1 Helstu þættir deiliskipulags vegna Botnsvirkjunar.

| |
|--|
| <i>Umfang virkjunar</i> |
| Grein gerð fyrir tegund orkuöflunar, áætluðu afli og umfangi virkjunarinnar |
| <i>Framkvæmdareitir</i> |
| Afmörkun framkvæmdareita fyrir inntak, þrýstipípu að stöðvarinntaki og frárennisskurð. Umfang skilgreint |
| <i>Lóðir og byggingarreitir</i> |
| Afmörkun lóðar og byggingarreits fyrir stöðvarhús og grein gerð fyrir fyrirkomulagi bílastæða og aðkomuleiða |
| <i>Veitur</i> |
| Orkuflutningur, lega og gerð tenginga við flutningskerfi raforku |
| Legu annarra veitulagna innan svæðisins og tímamörk, ef um það er að ræða |
| <i>Umferðaleiðir</i> |
| Legu og gerð vega innan svæðisins og tímamörk |
| Tenging vegar við þjóðveg |
| <i>Efnistaka og efnislosun</i> |
| Umfang og lega efnistöku og efnislosunar |
| <i>Landmótun og frágangur</i> |
| Landmótun og aðlögun mannvirkja að landi |
| Frágangur að loknum framkvæmdatíma |
| Umgengni um náttúru á framkvæmdatíma |
| Mótvægisáðgerðir og aðgerðir sem miði að því að draga úr umhverfisáhrifum |



4 Umhverfismat

4.1 Matsskylda áætlunarinnar

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem eftirfarandi þrjú þættir eiga við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, hún verður tekin fyrir í sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar og markar stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 í viðauka 1. Gert er ráð fyrir að uppsett afl Botnsvirkjunar verði allt að 5 MW.

Í gildandi aðalskipulagi er kveðið á um að samfara gerð deiliskipulags á hverfisvernduðu svæði skuli áhrif framkvæmda metin í sérstakri greiningu sem birt er í viðauka aðalskipulagsins. Þar sem deiliskipulagið háð umhverfismati áætlana er litið svo á að það mat fullnægi kröfum aðalskipulagsins um sérstaka greiningu.

Hvað er umhverfismat áætlana?

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og *nýta niðurstöður* matsins til að *draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum* þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem *hluta af skipulagsáætlunum* sveitarfélaga (svæðisskipulags, *aðalskipulags* og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum um umhverfismat áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

4.2 Umhverfisþættir og áhrifaþættir

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif vegna áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu hér að neðan (Tafla 4.1) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og öðrum forsendum sem liggja fyrir.



Tafla 4.1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulags í tengslum við Botsvirkjun.

| Matsþáttur | Umhverfisþættir ¹⁰ | Skýringar |
|-----------------------------------|--|---|
| Náttúruvafarslegir þættir | Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, jarðmyndanir og vatn | Vegna rasks á landi og áhrifa á jarðminjar. Áhrif á vatnafar og vatnalíf. |
| Hagrænir þættir og innviðir | Samfélag, eignir og veðurfar | Aukin umsvif á framkvæmdatíma. Styrkari innviðir, raforkuframleiðsla - flutningur. Áhrif á útivist og upplifun ferðamanna, einkum á framkvæmdatíma. |
| Heilsa og öryggi | Heilbrigði manna og loft | Umferð, ryk og ónæði á framkvæmdatíma. Erfiðar aðstæður í brattlendi og slysaætta á framkvæmdatíma. |
| Landslag, ásýnd og menningararfur | Landslag og menningarminjar | Breytingar á ásýnd á framkvæmdatíma og til lengri tíma litið. Áhrif á mögulegar fornleifar. |

4.3 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að neðan (Tafla 4.3), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreindir eru í lögum um umhverfismat áætlana.¹¹ Umhverfisviðmiðin eru í grunnin byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.¹² Einnig er byggt á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun.

Í umhverfismatinu er unnið með fjóra matsþætti sem taka til meginviðfangsefna í matinu, sbr. töflu hér að ofan (Tafla 4.1). Lagt verður

Hvað eru umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru *þættir í umhverfinu* sem skipulagsáætlunin getur *haft áhrif á*. Áhrifin geta verið veruleg eða óveruleg, jákvæð eða neikvæð, tímabundin eða varanleg.

Í lögum um umhverfismat áætlana er *umhverfi skilgreint sem*: Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.

mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum og við framkvæmd matsins verður beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna.

4.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu. Þá er einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

Unnin er umhverfisskýrsla samhliða skipulagsgerðinni, þar sem greint er frá mögulegum umhverfisáhrifum af stefnu deiliskipulagsins. Framsetning umhverfismats er í formi matstaflna og/eða texta. Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á stefnukostum. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹³ og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér að neðan (Tafla 4.2).



Tafla 4.2 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum áætlunar.

| Vægiseinkunn | Skýringar |
|--------------|--|
| ++ | Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu. |
| + | Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið. |
| 0 | Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið. |
| - | Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið. |
| -- | Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu. |
| ? | Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði. |

4.5 Stefnukostir

Í skipulagsgerðinni eru metnir valkostir um um útfærslur og ákvæði deiliskipulagsins, með það að markmiði að matið gefi yfirsýn og veiti upplýsingar um það svigrúm sem er í skipulagsgerð vegna virkjunarinnar með tilliti til sjálfbærni viðmiða. Til samanburðar eru þessir valkostir bornir saman við núll-kost.

Hvað eru stefnukostir

Stefnukostir eru þeir *valkostir* sem ákveðið er að taka afstöðu til í umhverfismati áætlunar. Þeir eru þannig *bornir saman* í umhverfismatinu m.t.t. áhrifa þeirra á umhverfið og mat lagt á hvaða valkostur hefur minnstu óæskilegu áhrifin á umhverfið en stuðlar best að jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar sem eru umhverfi, samfélag og efnahagur.



Tafla 4.3 Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfispættir sem byggð verður á í umhverfismati.

| Umhverfisviðmið | Byggt á | Umhverfisvísar | Umhverfispættir ¹⁴ | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|-------------------------------|------------------|-----|---------|-------------------------|-----------|--------------|------|------|----------|--------|-------------------|----------|--|--|--|
| | | | Samfélag | Heilbrigði manna | Dýr | Plöntur | Líffræðileg fjölbreytni | Jarðvegur | Jarðmyndanir | Vatn | Loft | Veðurfar | Eignir | Menningararfleifð | Landslag | | | |
| Stuðla að heilbrigðu lífverni og velliðan fyrir alla frá vögggu til grafar Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum. | HMS ¹⁵ -3 LSK 15-26 ¹⁶ | Slys Svífryk Hljóðstig | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og stöðuvötn. | HMS-6 | Fráveita Vatnsgæði, mengun Votlendi | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Auka hlut endurnýjanlegrar orku. Stuðla að bættri orkunýtingu. Skipulag gefi kost á uppbyggingu flutningskerfa raforku og að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. | HMS-7 LSK 15-26 | Endurnýjanleg orka Raforkuflutningur Virðjanir | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur. | HMS 8 LSK 15-26 | Hagvöxtur, íbúafjöldi Staða atvinnulífs og fjölbreytni Ferðaþjónusta, viðhorf ferðamanna | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Tryggja afhendingu raforku um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. | HMS-9 LSK 15-26 | Fjarškipti Veitur Raforkuflutningur | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Gripa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. | HMS-13 AL 18-30 ¹⁷ LSK 15-26 | Binding kolefnis Losun kolefnis Sjálfbær orkuframl. Orkuskipti í samg. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Endurheimta land og jarðveg og vinna að sjálfbærri gróðurframvindu. Gripa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnáð og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni. | HMS-15 Lög um náttúruvernd | Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Landbúnaðarland Fuglalíf, vatnalíf Verndarsvæði | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, viðernum, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum. | LSK 15-26 VTF ¹⁸ MSM ¹⁹ Lög um menningar-minjar | Fágæti landslags Ásýnd lands Menningarlandslag Náttúruminjar Fornleifaskráning Röskun lands | | | | | | | | | | | | | | | | |

5 Skipulagsferlið

5.1 Kynning og samráð

Kynning skipulags- og matslýsingar

Kynning lýsingarinnar er í samræmi við gr. 5.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna er hægt að nálgast á vef Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is. Hún er jafnframt auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í héraðsfréttablaði. Samhliða þessu er lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og þeirra aðila sem tilgreindir eru í kafla 5.2 Umsagnaraðilar. Sveitarstjórn ber ekki skylda til að svara, með formlegum hætti, athugasemdum sem kunna að berast vegna lýsingarinnar, skv. 5.2.4. í skipulagsreglugerð.

Kynning tillögu að deiliskipulagi

Unnin eru drög að deiliskipulagi í samræmi við skipulagslýsinguna og áður en deiliskipulagstillagan er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn, eru drög að skipulagstillögu kynnt í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Kynningin er auglýst í svæðisbundnum fréttamiðli og á vef Ísafjarðarbæjar. Drögin eru einnig send aðliggjandi sveitarfélögum til kynningar.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi er deiliskipulagstillagan tekin fyrir og afgreidd í sveitarstjórn. Í framhaldinu er tillagan auglýst, með 6 vikna athugasemdafresti, í dagblaði sem er gefið út á landsvísu sem og í svæðisbundnum fréttamiðli. Skipulagstillagan mun liggja frammi í skrifstofu Ísafjarðarbæjar og jafnframt verða aðgengileg á vef sveitarfélagsins. Þegar frestur til athugasemda er liðinn fjallar sveitarstjórn um tillöguna á ný og tekur afstöðu til þeirra athugasemda sem hafa borist. Í framhaldinu afgreiðir sveitarstjórn deiliskipulagið og sendir það, ásamt samantekt á málsmeðferð, til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt deiliskipulag verður að lokum

auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur þar með gildi.

5.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulags- og matslýsingin verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fiskistofa
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin
- Orkustofnun
- Orkubú Vestfjarða
- Skógræktarfélag Dýrafjarðar
- Aðliggjandi sveitarfélög

Við vinnslu deiliskipulagsins verður að auki leitað til samtaka, stofnana, fagaðila og einstaklinga eftir því sem viðfangsefnið gefur tilefni til.

5.3 Tímaáætlun verkefnis

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði auglýst í mars 2021. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið geti tekið gildi í febrúar 2022 en það er háð gildistöku endurskoðaðs aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Tafla 5.1 Tímaáætlun

| Verkbáttur\Tími | Tímaáætlun |
|---|--------------------------|
| Skipulags- og matslýsing lögð fyrir sveitarstjórn | Febrúar 2021 |
| Skipulags- og matslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum | Mars 2021 |
| Drög að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu tekin fyrir í sveitarstjórn | September 2021 |
| Drög að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu á vinnslustigi kynnt almenningi | September - október 2021 |
| Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu tekin fyrir í sveitarstjórn | Nóvember 2021 |
| Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti | Nóvember - desember 2021 |
| Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu tekin fyrir í sveitarstjórn | Janúar 2022 |
| Samþykkt deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu og afgreiðsla sveitarstjórnar send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar | Janúar 2022 |
| Samþykkt sveitarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda | Febrúar 2022 |

Tilvitnanir og heimildir

¹ Hafdís Sturlaugsdóttir. 2019. Minnisblað um gróður og fugla í botni Dýrafjarðar dags. 10.07.2019. Náttúrustofa Vestfjarða.

² Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2004. Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði. NV nr. 4-04.

³ Hafdís Sturlaugsdóttir. 2019. Minnisblað um gróður og fugla í botni Dýrafjarðar dags. 10.07.2019. Náttúrustofa Vestfjarða.

⁴ Landmælingar Íslands. Sótt í janúar 2021 af <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>

⁵ Veðurstofa Íslands. Ofanflóðakortasjá. Sótt í janúar 2021 af <http://ofanflodakortasja.vedur.is/ofanflod/>

⁶ Umhverfisstofnun. Náttúruminjasrá. Sótt í janúar 2021 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vegfirdir/>

⁷ Hafdís Sturlaugsdóttir. 2019. Minnisblað um gróður og fugla í botni Dýrafjarðar dags. 10.07.2019. Náttúrustofa Vestfjarða.

⁸ Náttúrfræðistofnun Íslands. Vistgerðakort. Sótt í janúar 2021 af <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁹ Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br. Sótt í janúar 2021 af <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=4200>

¹⁰ Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

¹¹ Stuðst er við töflu fyrir umhverfisviðmið, umhverfisvísa og umhverfisþætti í Lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag, lýðheilsu, Viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Viðmiðin og vísar eru útfærðir og aðlagðir að viðfangsefnum í skipulagi virkjunarinnar.

¹² Stjórnarráð Íslands. 2020. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt í janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

¹³ Skipulagsstofnun. 2007. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Sótt í janúar 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.

¹⁴ Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

¹⁵ Stjórnarráð Íslands. 2020. Heimsmarkmiðin. Sótt í janúar 2021 af <http://heimsmarkmidin.is/>

¹⁶ Skipulagsstofnun. 2016. *Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð*. Sótt í janúar 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

¹⁷ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. Júní 2020. Sótt í janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is>

¹⁸ Umhverfisráðuneytið. 2010. *Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013*. Sótt janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

¹⁹ Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt í janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>